

þeirri, sem gildir í fardögum 1871, nemur uppgjöfin 3 rd. 23 sk.,
og lækkunin 2 rd. 38 sk.

1871.
30. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

**62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir
Íslandi, um peninga sending til jarðabókarsjóðsins.**

30. júní.

Með því að landfógetinn hefir skýrt frá, að 7500 rd. í
peningum, en ekki meira, hafi verið til í jarðabókarsjóði Íslands
10. dag þ. m., og að búast megi við, að allmikið fæ verði útborgað
á þeim tveimur mánuðum, sem í hönd fara, sérilagi til alþingis,
en engra gjalda sè að vænta í sjóðinn á því tímabili, hafið þér,
herra stiptamtmaður, í bræfi 12. þ. m. meðal annars farið þess
á leit, að jarðabókarsjóðnum verði sendir að minnsta kosti 20000 rd.
í silfri með næstu ferð póstgufuskipsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
svo þér gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að vèr sendum
yður 25000 rd. í silfri með þeirri ferð póstgufuskipsins »Díönu«,
sem nú er fyrir höndum, og mælumst til að fá kvittun yðar fyrir þessu
fè. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir fest sèr
skaðabætur, ef svo kynni að fara að peningarnir týndist á leiðinni.

**63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og
amtmananna á Íslandi, um ferðaáætlun póstgufu-
skipsins 1871.**

30. júní.

Í bænarskrá einni hefir kaupmannsfélagið Örum og Wulff og
fl. sókt um, að póstgufuskipið »Díana» megi koma við fyrir austan
á Íslandi á þessu ári, og nefnd sú, sem sett var 12. apríl þ. á.,
til að rannsaka, hvort koma megi við reglulegum gufuskipsferðum
kringum strendur Íslands, hefir sent bænarskrá þessa hingað.

1871.
30. júní.

Hæðan er hún send fjárhagsstjórninni með meðmælingu vorri til úrskurðar, og í bréfi 26. þ. m. hefir nú fjárstjórnin tilkynnt dómsmálastjórninni, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að tæð póstskeip á þeim tveimur ferðum milli Íslands og Danmerkur, sem nú eru fyrir höndum, og byrja hæðan 5. júlí og 12. ágúst þ. á., komi við á Berufirði, bæði á leiðinni til Íslands og hingað aftur, og að þær ráðstafanir sé gjörðar, sem með þarf í þessu efni.

3. júlí.

64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um samlagning brauða í Dala-prófastsdæmi.

Eftir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 29. desbrm. f. á., hefir hans hátign konunginum samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á: að Kvennabrekku og Stóra-Vatnshorns sóknir¹ í Dala prófastsdæmi í vesturumdæmi Íslands verði lagðar saman við Sauðafells og Snóksdals sóknir² í sama prófastsdæmi til eins brauðs, sem skal heita Suður-Dala prestakall;

að kirkjan á Kvennabrekku verði lögð niður;
að skróði og önnur áhöld kirkjunnar falli til Sauðafells kirkju, en að allt annað og sjálf kirkjan verði seld, og kaupverðið ásamt með núverandi portjón kirkjunnar gangi til Sauðafells kirkju, allt með því skilyrði, að eigandi þessarar kirkju takist á hendur, að byggja hana upp sæmilega af timbri, og svo rúmgóða, að hún nægi bæði handa Sauðafells söfnuði og þeim hluta af Kvennabrekku söfnuði, sem hèreptir kemur til Sauðafells sóknar, og jafnframt skuldbindi sig og þá, sem á síðan eignast kirkjuna, til að halda henni við á eiginn kostnað, og að endingu að jörðin Kolsstaðir, sem er eign Kvennabrekku kirkju, verði lögð til prestakallsins;

¹) Kvennabrekku prestakall.

²) Miðdala þing.